

RITSTJÓR: HALLUR SIMONARSON

Það var hálfrar millj. kr. virði

Leikurinn
KR gegn
Liverpool



Liverpool sigraði K.R. auðveldlega í gærkvöldi með 5 mörkum gegn 0

Alf-Reykjavík.

Eins og máttvana það stóðu leikmenn KR andspænis meisturum enskrar knattspyrnu, sem í samanburði líktust margefldri drottningu á stóru skákborði, á Laugardalsvöllinum í gærkvöldi fyrir framan 10 þúsund áhorfendur. Sú spurning hvarflaði aldrei að hinum fjölmörgu áhorfendum hvor aðilinn myndi sigra — það var alltaf ljóst — heldur var spurt, hvað fær KR mörg mörk á sig? Og eftir 90 mínútna leik í gærkvöldi kom í ljós, að KR hafði einungis fengið á sig 5 mörk, sem í fljótu bragði virðist vel af sér vikið.

En styrkleikamunur liðanna var miklu meiri en marka talan gefur til kynna. Hverja einustu mínútu leiksins léku Liverpool-leikmennirnir sér að KR-ingum eins og köttur að mús. Vissulega var gaman að sjá þessa snjöllu leikmenn leika töfrabrogð úti á leikvöllinum, en það var hreint ekki gaman að sjá hvernig KR-ingar voru leiknir sundur og saman, maður er óvanur því. Og strax eftir leikinn hvarflaði sú spurning að mér hvort það væri virkilega tímabært fyrir okkur að taka þátt í Evrópukeppni. — Knattspyrnulega séð kann einhverjum að virðast það út í hött eftir leikinn í gærkvöldi, en þess ber þó að gæta, að þarna fékk KR mótherja, sem teljast verður til þess bezta, sem gerist í Evrópu.

Að sjálfsgöðu hefði KR getað dregið á móti sér veikari mótherja. Um fjárhagslegu hlíð málsins þarf ekki að deila. Ég hygg, að KR-ingar álitu það hálfrar milljón króna virði (lauslega reiknaður hagnaður vegna innkomu í gærkvöldi) að leika hlutverk músarinnar. Eftir allt verður maður því að álíta, að þátttaka sé tímabær — já jafnvel bara fyrir það, að sjá snillinga eins og Liverpool-leikmennina leika einu sinni á ári á grænum sverði Laugardalsvallarinnar.

Veður til keppni var nokkuð hagstætt í gærkvöldi, sól og norðvestan gola, en kalt, sérstaklega, þegar liða tók á leikinn. KR-ingar unnu hlutkeistið og kusu að leika á syðra markið, undan sólinni.

Það voru ekki liðnar 2 mínútur, áður en Gísli Þorkelsson, markvörður KR, sem lék í stað Heimis Guðjónssonar, mátti gera sér að góðu að hirða knöttinn í fyrsta skipti úr neinu. Enski landsliðsmaðurinn Hunt, í stöðu hægri innherja, lék upp vinstri kant og

gaf vel fyrir markið til Wallace, vinstri innherja, sem skoraði með föstu skoti. 1:0 — og ekki liðnar 2 mín., var þetta kannski aðeins forsmekkurinn?

Þrátt fyrir nær látlauða sókn allan fyrri hálfleikinn, tókst ensku meisturum ekki að skora fleiri mörk fyrir hlé. Og allan hálfleikinn stóðu varnarmenn KR sig eins og hetjur og hrundu hverju upp hlaupinu á fætur öðru. Áhorfendur voru því ánægðir með útkomuna eftir fyrri hálfleik, þótt yfirburðir ensku leikmannanna væru meira en augljósir. Þetta segja í síðari hálfleik var nær stanzlaus pressa að KR-markinu og þrátt fyrir góða viðleitni tókst KR-ingum nú ekki að hindra, að knötturinn sigldi inn fyrir marklinuna.

★ Strax á 1. mín. s. h. skoraði Hunt 2:0 fyrir Liverpool. Knötturinn hafði gengið frá manni til manns — og hafnaði loks í KR-markinu, án þess að Gísli kæmi vörnum við.

★ 3:0 kom á 11. mín. Hægri útherjinn, Callaghan, hafði tekið að leika á Bjarna Felixson og gaf síðan vel fyrir markið, þar sem Chisnall, miðherjinn, kom aðvífandi og rak endahnúttinn.

★ Fjórða mark Liverpool kom á 18. mín. Enn átti hægri útherjinn, Callaghan, heiður af undirbúningi, þegar hann sendi fyrir markið til Wallace, sem skallaði viðstöðulaust í mark.

★ Síðasta mark leiksins, 5. markið, kom rétt fyrir leikslök og skoraði Hunt af löngu færi. Þetta var glæsilegasta mark leiksins — Gísli markvörður rétt snerti knöttinn, en varð að horfa á eftir hinum inn, efst upp í bláhornið.

Í öllum leiknum áttu KR-ingar aðeins tvö tækifæri, sem vert er að geta um, og bæði urðu þau til í síðari hálfleik. Í fyrra skiptið hafði Gunnar Guðmannsson á 11. mín., tekið hornspyrnu frá hægri og skallaði Ellert viðstöðulaust að markinu. Skozki markvörðurinn, Thomas Lawrance, horfði á eftir knettinum, sem stefndi inn. En á síðustu stundu bjargaði vinstri bakvörðurinn Moran á línu. — Í síðara skiptið komst Gunnar Fel. inn fyrir vörn Liverpool, á 40. mín., en Lawrence markvörður varði frekar laust skot hans.

Yfirburðir hins enska liðs í gærkvöldi voru svo miklir, að það var aldrei keppni um það hvor aðilinn myndi sigra. Það má með sanni segja, að valinn maður hafi verið í hverju rúmi og vart hægt að tala um að einn leikmaðurinn hafi verið öðrum betri. Þó vakti leikur vinstri útherjans, Peter Thompson, sérstaka athygli. Þessi leikmaður, sem álitin var beztu maður enska landsliðsins í „Litlu heimsmeistarakeppninni“ í Ríó, fyrr á þessu ári, sýndi af-

Fyrsta mark Liverpool var skorað eftir aðeins tvær mínútur. Innherjinn Wallace hefur spyrnt í markið eftir undirbúningu Hunts.

burða knattspyrnu, svo hrein unun var á að horfa.


Samleikur liðsins var allur hnit miðaður og hver einasta sending fór á réttan stað. Það var helzt upp við markið, sem hinum ensku leikmönnum brást bogalístin. Þegar á allt er litið hygg ég, að sjaldan eða aldrei hafi betra lið leikið á Laugardalsvöllinum.

KR-ingar voru sannarlega ekki öfundsverðir að leika í gærkvöldi. Þeir börðust þó eins og þeir gátu — og segja má, að vörnin hafi sloppið bærilega frá leiknum, en beztu menn hennar voru bræðurnir Hördur Felixson og Bjarni. Gísli verður ekki sakaður um þau mörk, sem KR fékk á sig. Af framlínuleikmönnum bar mest á Ellert Schram.

Dómari í leiknum var Norðmaðurinn Johan Riseth og átti hann rólegan dag. —alf.



Ellert Schram stekkur hærra en hinn stóri fyrirliði Liverpool Yeats og skallar neðst í markhornið, en Moran var vel staðsettur og spyrnti frá. (Ljósmynd Tíminn)



Knötturinn siglir í markið. Wallace skorar fjórða markið.